

Nd.

436. Frumvarp til laga

[205. mál]

um breyting á lögum nr. 43 29. marz 1961, um breyting á lögum nr. 24 17. marz 1954, um breyting á lögum nr. 36 1. apríl 1948, um sóknargjöld.

(Lagt fyrir Alþingi á 84. löggjafarþingi, 1963—64.)

1. gr.

Í stað orðanna „allt að kr. 100.00 á ári eftir nánari ákvörðun safnaðarfundar í hverri sókn“ í 1. gr. laganna komi: eftir nánari ákvörðun safnaðarfundar í hverri sókn, að fengnu samþykki kirkjumálaráðherra.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt ósk biskups Íslands, en Safnaðaráð Reykjavíkur samþykkti svohljóðandi ályktun 27. febrúar 1964:

„Safnaðaráð Reykjavíkur skorar á kirkjumálastjórnina að hlutast til um það, að ákvæðum 1. gr. laga nr. 36/1948 um sóknargjöld, sbr. lög nr. 43/1961, verði breytt á þá lund, að þjóðkirkjusöfnuðir geti, að fengnu samþykki kirkjumálaráðherra, sjálfir ákveðið fjárhæð sóknargjalda sinna.

Telji kirkjumálastjórnin sér eigi fært að fá þessari lagabreytingu framgengt á þessu þingi, skorar Safnaðaráð Reykjavíkur á hana að beita sér fyrir því, að Alþingi það, sem nú situr, heimili hækkun á sóknargjöldum yfirstandandi árs í kr. 200.00.“

Settur dómprófastur gerir svofellda grein fyrir ályktuninni í bréfi til kirkjumálaráðherra:

„Höfðu formenn safnaðanefnda í Reykjavík, áður komið saman, til þess að ræða nauðsynlega hækkun sóknargjalda fyrir söfnuði Reykjavíkur, vegna vaxandi dýrtíðar og aukinna útgjalda, en útgjöld safnaðanna eru mjög bundin við launagreiðslur til organista, söngfólks, kirkjuvarða o. s. frv. Þá hafa tekjur einstakra safnaða minnkað verulega við þá sóknaskiftingu, er fram fór í Reykjavík á s. l. ári.

Allt er þetta svo augljóst mál, að ekki er þörf að rökstyðja það nánar. Heimild til hækkunar sóknargjalda var síðast veitt 1961.“

Þá hefur Kirkjuráð hinnar íslensku þjóðkirkju samþykkt eftirfarandi ályktun um sama efni:

„Þar eð óhjákvæmileg útgjöld safnaða hafa hækkað mjög, síðan núgildandi lög um sóknargjöld voru sett, telur Kirkjuráð knýjandi nauðsyn, að heimiluð verði veruleg hækkun þessa gjalds. Leyfir Kirkjuráð sér að beina þeim tilmælum til kirkjumálaráðherra, að hann beiti sér fyrir því, að Alþingi heimili sanngjarna hækkun á hámarki sóknargjalda.“

Enn fremur segir í bréfi frá biskupi til kirkjumálaráðherra, að þetta mál hafi mikið verið rætt á kirkjuþingi 1960 og einróma álit manna þar, að sú leið, sem Safnaðaráð bendir á í meðsendri ályktun, væri eðlilegri og stórum haganlegri en sú, sem gilt hefur síðan lög um sóknargjöld voru sett.